

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*1. nóvember 2013*

### *Ágætu foreldrar/forráðamenn*

Í vikunni sem er að líða hafa nemendur verið í danskennslu hjá Ingunni Hallgrímsdóttur og er óhætt að segja að það hafi tekist vel. Á næstu önn verður önnur vika þar sem danskennslunni verður haldið áfram. Einnig var haldinn Vinadagur á Sauðárkróki, tókst sá dagur með eindæmum vel. Nemendur voru að vinna ýmis hópeflisverkefni þar með jafnöldrum sínum í Skagafirði.

### *Vinavika*

Í næstu viku verður vinavika. Krakkarnir drógu í dag leynivín sem þau eiga að gleðja í laumi alla næstu viku. Þau mega ekki segja frá hver hann er. Það er ekki ætlast til að krakkarnir séu að kaupa gjafir sem kosta eitthvað að ráði heldur reyna frekar að búa eitthvað til sem gæti glatt viðkomandi. Það má samt alveg gefa smádót eins og strokleður eða eitthvað. Þó ekki sælgæti því það er auðvitað ekki leyfilegt í skólanum. Þetta geta verið kort, falleg mynd, föndur, vnaarmband, hálsfesti eða eitthvað annað föndrað. Á föstudaginn verður svo gefið upp hver á hvaða leynivín.

### *Vinakaffi*

Föstudaginn 8. nóvember kl.11-12:30 verður haldið vinakaffi í skólanum. Þar sem gestum og gangandi er boðið að koma í heimsókn í skólann og þiggja kaffi í boði nemenda. Vert er að benda á að á föstudaginn er baráttudagur gegn einelti.

### *Haustsamverur*

Eins og undanfarin ár verða haldnar haustsamverur þar sem nemendur og foreldrar koma saman og eiga góða stund. Við viljum eindregið hvetja alla til að mæta. Samverurnar verða sem hér segir:

Þriðjudaginn 5. nóvember kl. 17:00-19:00	1.-6. bekkur
Fimmtudaginn 7. nóvember kl. 20:00-22:00	7.-10. bekkur

### *Starfsdagur*

Mánudagur 11. nóvember næstkomandi er starfsdagur kennara og þá eiga nemendur frí.

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*